



Samfélagsleg ábyrgð einstaklinga

Siðferðilegar skyldur, vitund og breytni einstaklinga varðandi sjálfbæra þróun

Laufey Þóra Ólafsdóttir

HUG- OG FÉLAGSVÍSINDASVIÐ

Lokaverkefni til

BA gráðu í Nútímafræði

Félagsvísindadeild

Maí 2018



Samfélagsleg ábyrgð einstaklinga

Laufey Þóra Ólafsdóttir

12 eininga lokaverkefni
sem er hluti af
Bachelor of Arts-prófi í Nútímafræði

Leiðbeinandi
Sigurður Kristinsson

Félagsvísindadeild
Hug- og félagsvísindasvið
Háskólinn á Akureyri
Akureyri, maí 2018



Titill: Samfélagsleg ábyrgð einstaklinga

Stuttur titill: Siðferðilegar skyldur, vitund og breytni einstaklinga varðandi sjálfbæra þróun
12 eininga lokaverkefni sem er hluti af Bachelor of Arts-prófi í Nútímafræði

Höfundarréttur © 2018 Laufey Þóra Ólafsdóttir
Öll réttindi áskilin

Félagsvísindadeild
Hug- og félagsvísindasvið
Háskólinn á Akureyri
Sólborg, Norðurslóð 2
600 Akureyri

Sími: 460 8000

Skráningarupplýsingar:

Laufey Þóra Ólafsdóttir, 2018, B.A. verkefni, félagsvísindadeild, hug- og félagsvísindasvið, Háskólinn á Akureyri, 44 bls.

Reykjavík, maí, 2018

Ágrip

Umræða um sjálfbærni er áberandi í samfélaginu í dag en hugtakið tekur allt í senn til umhverfis, efnahags og samfélags. Mengun og þverrandi auðlindir ógna samfélögum heimsins. Fátækt og efnahagsleg misskipting hindrar að komandi kynslóðir fái sömu tækifæri og núverandi kynslóð. Matarsóun og neytendahegðun er stór hluti af vandanum. Markmið rannsóknarinnar er að skoða hverjar eru siðferðilegar skyldur einstaklinga þegar kemur að samfélagslegri ábyrgð og hversu meðvitaðir þeir eru um þá skyldu. Jafnframt var athugað hvort samræmi er á milli vitundar um sjálfbærni og hegðunar sem styður við sjálfbæra þróun. Farið er yfir helstu atriði sem varða hugtökin sjálfbærni og sjálfbæra þróun og hvað skiptir máli til að henni verði náð. Í framhaldinu er farið yfir siðfræðikenningar þar sem rætt er um dygðasiðfræðina, siðfræði Kant og samfélagssáttmála Hobbes með það að markmiði að átta sig á forsendum siðferðilegrar breytni. Meginleg rannsókn var framkvæmd í formi spurningakönnunar þar sem spurt var um þekkingu á hugtakinu sjálfbærni og hegðun sem stuðlar að sjálfbærri þróun. Helstu niðurstöður eru þær að þekkingin er til staðar hjá flestum og vitund um tengsl athafna við neikvæða umhverfisþætti. Margir hafa tileinkað sér hegðun sem ýtir undir sjálfbæra þróun þrátt fyrir að bæta megi verulega úr og þá sérstaklega þegar kemur að samgöngumáta. Fáir nýta sér almenningssamöngur eða aðrar leiðir en einkabílinn til að komast á milli staða. Einnig virðist takmörkuð þekking á tengslum sjálfbærni við mikilvægi þess að útrýma fátækt. Þannig eru fæstir meðvitaðir um áhrif kauphegðunar á velferð einstaklinga. Auka þyrfti fræðslu til að almenningur geri sér betur grein fyrir hvaða þættir skipta máli fyrir sjálfbæra þróun. Mikilvægt er að hver einstaklingur setji sér siðferðileg gildi. Hins vegar er líklegt að jafnframt þyrfti að koma á samfélagssáttmála með aðkomu ríkisins þar sem ljóst er að einstaklingar gegna stóru hlutverki fyrir sjálfbæra þróun.



Abstract

Self-sustainability is a hot topic in communities today, and discussions involve different aspects that need to be addressed. These include environment, economic effects and social changes. Pollution and diminishing natural resources are a constant threat to the planet. Poverty and uneven distribution of wealth stand in the way for future generations to meet their needs in the same way as present generation. Food waste and consumer behaviour is a major part of the problem. The following essay addresses the ethical and moral obligations of individuals when it comes to social responsibility, which supports self-sustainability, and how individuals realize their responsibility in the matter. Furthermore, this essay explores if there is correlation between the understanding, and awareness, of self-sustainability and individuals actions. Key points and topics of self-sustainability and development are discussed and what actions need to be taken to achieve sustainability. Kant's virtue theory and Hobbes social contract theory will be the theoretical framework of this essay with the purpose of finding the correct ethical conduct. Quantitative research was conducted through the form of questionnaires sent to individuals, who were asked about their knowledge and understanding of the term "self-sustainability" and their action to support it. The key findings of the study are that most individuals have the knowledge and awareness of the correlation between one's own actions and the negative effect this can have on the environment. Many have started to act in such a way to support self-sustainability but improvements can still clearly be made, for example, when it comes to transportation. Too few make use of public transportation, or other forms of environmental friendly transport, instead choosing to use their own private automobile. Moreover, there seems to be limited knowledge of the connection between self-sustainability and general wellness of all individuals and the role it can play in the elimination of poverty. Few individuals are aware of the effect of their buying habits on the social wellbeing of others. People need to be more aware and educated about what issues are important for the development of self-sustainability. It is important that individuals set their ethical principles that support self-sustainable development. Additionally, it is recommended that individuals, governments and local



authorities make a social contract between them on these matters, and this contract will play a key role in self-sustainability development.



Formáli

Þetta verkefni er 12 eininga (ECTS) lokaverkefni til BA prófs í Nútímafræði við Háskólann á Akureyri með áherslu á fjölmiðlafræði og félagsvísindi. Vinnan að verkefninu hefur verið lærdómsrík og aukið þekkingu og áhuga á málefninu. Ég vil þakka vinkonu minni Eyrúnu Ingadóttur fyrir að vekja áhuga minn á ritgerðarefninu. Jóhanna Björk Guðjónsdóttir, Anna María Gunnarsdóttir og Guðlaug Jakobsdóttir fá kærar þakkir fyrir yfirlestur og góðar ábendingar. Kristínu dóttur minni þakka ég fyrir ómetanlega tæknilega aðstoð og hvatningu í gegnum námið. Börnin mín fá svo öll sérstakar þakkir fyrir að sýna skilning á mikilvægi þess að maður verði að nýta tímann. Sambýlismaður minn Þórður Björn Pálsson fær ástarþakkir fyrir aðstoð við þýðingar í gegnum námið og þolinmæðina. Verkefnið vil ég tileinka föður mínum Ólafi Ólafssyni sem lést 20. apríl 2018, rétt fyrir ritgerðarskil.

Við fögnum saman síðar.

Efnisyfirlit

Ágrip	i
Abstract	ii
Formáli	iv
1 Inngangur	1
2 Sjálfbærni og sjálfbær þróun	4
2.1 Almennt um sjálfbærni	4
2.2 Umhverfisleg sjálfbærni	6
2.3 Sjálfbær efnahagur	7
2.4 Samfélagsleg sjálfbærni	8
3 Siðfræði og samfélagsleg ábyrgð	11
3.1 Dygðasiðfræðin.....	11
3.2 Siðfræði Kant.....	13
3.3 Samfélagssáttmáli Hobbes	15
4 Rannsókn	19
4.1 Aðferð	19
4.2 Framkvæmd	19
4.3 Lýsing úrtaks	20
4.4 Niðurstöður	22
4.4 Túlkun niðurstaðna	25
4.5 Umræður	27
5 Lokaorð	29
Heimildaskrá	30
Viðauki 1: Spurningakönnun	35



Myndayfirlit

Mynd 1: Kyn.....	20
Mynd 2: Aldur	20
Mynd 3: Hæsta menntunarstig sem þú hefur lokið	21
Mynd 4: Heimilishagir	21
Mynd 5: Ráðstöfunartekjur heimilisins eftir skatta	22
Mynd 6: Viðhorf til umhverfismála, vitund um sjálfbærni og framleiðslu fatnaðar og annars varnings.....	23
Mynd 7: Hegðun og lífshættir	24

1 Inngangur

Mannkynið stendur frammi fyrir þeirri staðreynd að auðlindir fara þverrandi, umhverfismengun fer vaxandi og geta jarðar til eyðingar úrgangs minnkar stöðugt. Vistkerfi heims er í hættu vegna aukinnar neyslu en án þess yrði með öllu ólíft á jörðinni (Vasseur o.fl., 2017). Áframhaldandi efnahagsleg misskipting og ranglæti í heiminum samhliða misnotkun og arðrænslu auðlinda getur hindrað að komandi kynslóðir njóti sömu tækifæra og núlifandi kynslóðir (Anand og Sen, 2000). Erfitt hefur reynst að koma á einhvers konar jafnræði í heiminum þrátt fyrir að almenn velmegun hafi aldrei verið meiri en milljónir manna búa við skort á helstu nauðsynjum (Steffen, o.fl., 2011). Breytingar á umhverfi okkar snerta náttúruna og aðra þætti eins og sanngirni og jafnrétti en mikilvægt er að alþjóðleg samstaða náist um að finna sameiginlega lausn á þeim vanda sem heimurinn stendur frammi fyrir (Svedin, 1998). Staðan eins og hún er í dag er því ógn við samfélög heimsins og brýnt er að snúa þessari þróun við áður en það er um seinan. Sjálfbærni er stór þáttur í því ferli en til þess að ýta undir sjálfbæra þróun getur skipt máli að auka vitund einstaklinga um samfélagslega ábyrgð og um leið að hafa í huga ákveðin siðferðileg gildi sem geta hjálpað til að ná því markmiði.

Samfélagsleg ábyrgð er skilgreind af Alþjóðlegu staðlasamtökunum sem háttsemi sem stuðlar að sjálfbærri þróun og á það einnig við hvað varðar heilsufar og velferð samfélagsins (International Organization for Standardization, 2010). Þarna er vísað í ábyrgð fyrirtækja sem með þessu axla ábyrgð á þeim áhrifum sem þau mögulega hafa á fólk og umhverfi og miða að því að jafnvægi skapist á milli þeirra og samfélagsins (Festa, e.d.). Fyrirtæki og stofnanir hafa á undanförunum árum í auknum mæli sett sér ákveðna stefnu í samfélagslegri ábyrgð og þar með gefið fyrirheit um að gæta að umhverfi og velferð samfélagsins samhliða sinni starfsemi. Með þessari þróun eykst stöðugt krafan um að forsvarsmenn fyrirtækja setji sér ákveðin markmið hvað þetta varðar. Töluverð vitundarvakning hefur líka orðið hjá einstaklingum og þeim fjölgað sem eru farnir að flokka úrgang, kjósa lífræn matvæli og vera meðvitaðir um velferð þeirra sem starfa við framleiðslu á ódýrum fatnaði svo eitthvað sé nefnt.

Sjálfbær þróun leggur áherslu á hæfni einstaklinga til að horfa fram í tímann, tileinka sér sanngirni og réttisýni ásamt því að sýna skilning á mikilvægi jafnvægis í samfélaginu hvað varðar umhverfis- og efnahagslega þætti og tryggja með því réttindi komandi



kynslóða (Drífa Guðmundsdóttir, 2013). Lítið hefur farið fyrir umræðu um hvort einstaklingar beri sérstaka samfélagslega ábyrgð eða að þeir ættu að setja sér ákveðin markmið eða gildi þegar kemur að því að axla ábyrgð á umhverfi sínu og samferðafólki.

Flestar mikilvægar ákvarðanir einstaklinga fela í sér einhvers konar siðferðileg sjónarmið. Þegar kemur að umhverfismálum snúast hlutirnir ekki eingöngu um sjálfstæðar ákvarðanir einstaklinga heldur einnig að því að hafa samfélagið í heild í huga þegar ákvarðanir eru teknar (Svedin, 1998). Sama á við um aðrar ákvarðanir sem lúta að sjálfbærni. Margar skilgreiningar og kenningar eru til um siðferði og hver sé rétt breytni við mismunandi aðstæður. Í nútíma samfélagi eru samt sem áður til ýmsar óskrifaðar reglur sem flestir tileinka sér og fara eftir í hinu daglega lífi og oft snýst siðferðileg breytni aðeins um heilbrigða skynsemi.

Í siðfræðikenningum koma fram mismunandi sjónarmið hvað varðar ábyrgð og skyldur einstaklinga en einnig um grunneðli þeirra. Kant taldi siðferði snúast um algildar reglur sem fólki bæri að fara eftir óháð eigin löngunum. Hann sagði manneskjuna vera skynsemisveru og skylda hennar væri að stuðla að velgengni og velferð annarra. Heimspekingurinn Thomas Hobbes taldi nauðsynlegt að í hverju samfélagi væru ákveðnar siðareglur um samskipti manna sem hann kallaði samfélagssáttmálann. Samkvæmt honum eru allir fyrst og fremst eigingjarnir og leitast fyrst og fremst við að sinna eigin þörfum ef ekki væru neinar reglur til að fara eftir. Dygdasiðfræðin byggir á siðfræðikenningu Aristótelesar sem telur ákveðnar dygðir gera einstakling að góðum manni (Rachels, 1997).

Hugmyndin að þessari rannsókn kom upp í samtali á milli rannsakanda og góðrar vinkonu varðandi fréttir og umræðu í þjóðfélaginu um samfélagslega ábyrgð fyrirtækja. Okkur þótti athygli vert hversu lítið er fjallað um ábyrgð einstaklinganna sjálfra í samfélaginu. Í framhaldinu komu upp í hugann vangaveltur um hvort hegðun okkar almennt sýni að við leitumst við að bera einhverja ábyrgð á því hvernig samfélagið og umhverfi okkar þróast.

Markmið með ritgerðinni er að skoða hverjar eru siðferðilegar skyldur einstaklinga þegar kemur að samfélagslegri ábyrgð. Jafnframt er leitast við að fá vísbendingu um hvort það er samræmi á milli þekkingar á hugtakinu sjálfbærni annars vegar og hegðun hins vegar. Hver er vitund einstaklinga á sjálfbærni og sjálfbærri þróun og er breytni okkar og viðhorf í samræmi við hana? Rannsóknarspurningin er:



Hver er siðferðileg skylda einstaklinga í tengslum við samfélagslega ábyrgð sem stuðlar að sjálfbærni og sjálfbærri þróun og hversu meðvitað er fólk um þá skyldu?

Farið er yfir hugtökin sjálfbærni og sjálfbær þróun og fjallað um dygðasiðfræði, siðfræði Kants og samfélagssáttmála Hobbes. Hér er reynt að átta sig á hvað einstaklingar geta gert til að markmiði sjálfbærrar þróunar sé náð og hver er siðferðilega rétt breytni út frá því. Eru einstaklingar almennt meðvitaðir um sjálfbærni og hvað felst í henni og breyta þeir samkvæmt hugmyndinni um sjálfbæra þróun? Þyrfti að setja almennar siðareglur varðandi ábyrgð einstaklinga í samfélaginu bæði gagnvart nánasta umhverfi og velferð samborgaranna.

Verkefnið byrjar á inngangi, þar á eftir kemur fræðileg umfjöllun um sjálfbærni og sjálfbæra þróun þar sem skoðaðir eru umhverfislegir, efnahagslegir og samfélagslegir þættir sjálfbærni. Farið er yfir hver þróunin hefur verið og reynt að átta sig á hversu mikilvæg sjálfbærni er fyrir framtíð samfélagsins. Því næst er fjallað um efnið út frá siðfræðikenningum og hvernig siðferðileg gildi skipta máli fyrir athafnir einstaklinga. Þannig er siðfræðin skoðuð í tengslum við hugtökin um sjálfbærni og um leið reynt að átta sig á hvaða hlutverki hún gegnir í hegðun okkar. Send er út könnun til að fá vísbendingar um viðhorf fólks og þekkingu á hugtökunum sjálfbærni og sjálfbær þróun. Jafnframt er leitast við að rannsaka athafnir einstaklinga sem skipta máli í átt til þeirrar þróunar. Að lokum er farið yfir niðurstöður könnunarinnar og endað á umræðum og lokaorðum.



2 Sjálfbærni og sjálfbær þróun

Hugtakið sjálfbærni vísar til umhverfis, efnahags og samfélags (Lára Jóhannsdóttir, Brynhildur Davíðsdóttir og Snjólfur Ólafsson, 2014) en umræðan um sjálfbærni hefur farið stöðugt vaxandi á undanförunum árum. Hér verður farið yfir þetta hugtak og um leið hvað einstaklingar geta sjálfir gert þegar kemur að því að ýta undir sjálfbæra þróun í heiminum. Með því að átta sig á því hvað við getum gert er hægt að skoða það út frá siðferðilegu sjónarhorni og hvers konar skyldum við höfum að gegna til að stuðla að sjálfbærum heimi.

2.1 Almennt um sjálfbærni

Segja má að á síðustu þrjátíu árum hafi vestrænar þjóðir sýnt aukna meðvitund um nauðsyn þess að huga að sjálfbærni (e. sustainability) samfélaga. Á ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna (e. United Nations) um umhverfi og þróun sem haldin var árið 1992 voru skilaboðin þau að algjör umbreyting væri nauðsynleg á viðhorfum og hegðun okkar til að hægt væri að ná fram nauðsynlegum breytingum. Til þess að samfélög geti orðið sjálfbær þarf sameiginlegt átak frá stjórnámálamönnum, fyrirtækjum og almennum borgurum (Umhverfisstofnun Evrópu, 2012). Hugtakið sjálfbærni vísar til mikilvægi þess að huga að því hvaða áhrif athafnir okkar hafa á umhverfið og auðlindir jarðar. Það vísar bæði til nýtingar á þeim auðlindum sem eru endurnýtanlegar og hinna sem eru óendurnýtanlegar en einnig til mengunar og sóunar úrgangs. Helstu þættir sjálfbærni eru umhverfi, efnahagur og samfélag en neysluhegðun einstaklinga og efnahagsleg þróun byggist á sjálfbærni í notkun náttúruauðlinda. Ef ekki er hugað að þessum þáttum munu auðlindir jarðar smám saman eyðast (Jóhannsdóttir, o.fl., 2014).

Í umræðu um sjálfbærni er lögð áhersla á langtímastefnumörkun til framtíðar og samband á milli einstaklinga og náttúru, bæði núlifandi einstaklinga og komandi kynslóða. Einnig er horft til efnahagslegrar hagkvæmni í nýtingu hráefnis og þjónustu (Baumgartner og Quaas, 2010). Sameinuðu þjóðirnar hafa sett fram heimsmarkmið sem snúa að því að öll fyrirtæki setji sér gildi og markmið um sjálfbærni og sýni þannig í verki að þeim sé umhugað um umhverfi sitt og ekki síður um velferð þegna samfélagsins. Þar er lögð áhersla á ábyrgð fyrirtækja þegar kemur að mannréttindum og umhverfi en einnig ábyrgð þeirra á að sporna gegn spillingu (United Nations Global Compact, 2017). Þannig eru



forsvarsmenn fyrirtækja hvattir til þess að taka á og láta sig varða mörg mismunandi samfélagsmál eins og fátækt, mengun og ábyrga viðskiptahætti. Á Íslandi hefur Festa, sem er miðstöð um samfélagslega ábyrgð fyrirtækja, tekið upp þessa framtíðarsýn og hvatt íslensk fyrirtæki til að tileinka sér samfélagslega ábyrgð, sýna ábyrga umgengni um náttúruna og þannig finna áhrif þess ávinnings sem þau skapa með þeim hætti fyrir samfélagið (Festa, 2016).

Á Íslandi var fyrst haldin ráðstefna um umhverfismál árið 1997 þar sem ákveðið var að efla sjálfbærni sveitarfélaga á landinu (Samband íslenskra sveitarfélaga, e.d.). Í framhaldinu hafa mörg sveitarfélög á Íslandi sett fram stefnu um sjálfbært samfélag og þannig í auknum mæli hvatt til þess að einstaklingar séu meðvitaðir um umhverfi sitt og nauðsyn þess að bera virðingu fyrir náttúrunni. Víða er flokkun á sorpi og endurnýting úrgangs til að mynda orðin sjálfsagður hlutur í sveitarfélögum. Mosfellsbær er dæmi um sveitarfélag sem leggur áherslu á sjálfbært samfélag. Þar eru íbúar hvattir til að vera meðvitaðir um minnkun rafmagnseyðslu, nýtingu umhverfsvænna ferðamáta og að velja frekar vörur úr heimabyggð. Einnig er lögð áhersla á náungakærleik og þátttöku í starfsemi íbúasamtaka ásamt ýmsu fleiru (Mosfellsbær, 2009). Árið 2002 var stefnumörkun Íslands um sjálfbæra þróun samþykkt af þáverandi ríkisstjórn og var heiti hennar „Velferð til framtíðar“ en þar voru að finna markmið um umhverfisvernd og auðlindanýtingu á Íslandi til ársins 2020 (Stjórnarráðið, 2010).

Sjálfbær þróun hefur ekki sömu merkingu og hugtakið sjálfbærni jafnvel þó að grunnatriðin séu þau sömu (Moldan, Janousková og Hák, 2011) þar sem sjálfbærni fjallar um gæði á meðan hlutverk einstaklinga er grunnstoð sjálfbærrar þróunar (UNCED, 1992). Í skýrslu Gro Harlem Brundtland (1987) er sjálfbær þróun skilgreind sem: „Þróun sem mætir þörfum nútíðarinnar án þess að skaða möguleika komandi kynslóðar til að mæta eigin þörfum“. Í henni felst viðleitni til þess að daglegt líf okkar og samfélag sé þróað á þann hátt sem komi flestum til góða og lágmarki um leið neikvæð umhverfisáhrif. Samkvæmt stefnumörkuninni Ísland 2020 er mikilvægt að hafa í huga að aðeins er hægt að tala um að þróun sé sjálfbær þegar hún er jákvæð á þremur megin sviðum; efnahags, samfélags og umhverfis (Stjórnarráðið, 2011).

Velferð einstaklinga skiptir fyrst og fremst máli þegar horft er til sjálfbærrar þróunar þar sem þarfir þeirra eru undirstaða sjálfbærni. Hvers konar neysla á þjónustu eða vöru sem veitir viðkomandi ánægju er hluti af velferð einstaklingsins og á það við hvort sem er um að ræða keypta vöru eða þjónustu eða eitthvað eins og fallett sölsetur sem hann getur notið



sér að kostnaðarlausu (Moldan o.fl., 2011). Velmegun og mannréttindi eru hluti af heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna fyrir árið 2030 og er með því leitast við að stuðla að friði og auknu frelsi um allan heim. Útrýming fátæktar er ófrávíkjanlegt skilyrði sjálfbærrar þróunar og þannig munu öll lönd ásetja sér að losa mannkynið undan þeirri ánaud sem fátæktin er ásamt því að græða jörðina og auka öryggi hennar. Tryggja á mannréttindi fyrir alla og ná fram kynjajafnrétti. Grundvöllur í atvinnustefnu fyrir Ísland til 2020 er fjölbreytni, jafnræði, heilbrigðir viðskiptahættir, jafnrétti og græn atvinnuuppbygging í samræmi við hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar. Áætlað er að stuðla að sjálfbærri þróun og tryggja skynsamlega forgangsroðun auðlinda í þágu lífsgæða um land allt (Stjórnarráðið, 2011).

2.2 Umhverfisleg sjálfbærni

Orðin umhverfi og náttúra heyrast iðulega þegar vísað er til sjálfbærni. Mikilvægt er að átta sig á hvaða áhrif við höfum á umhverfi okkar með daglegum athöfnum. Nauðsynlegt er að spyrja sig með hvaða hætti má vernda umhverfið og hvað skiptir mestu máli þegar kemur að mengun, nýtingu auðlinda og umgengni um náttúru og nánasta umhverfi. Með því að skoða hvað orsakar neikvæð áhrif á alla þessa þætti er hægt að átta sig á mikilvægi einstaklingsins fyrir umhverfislega sjálfbærni.

Allt frá upphafi iðnbyltingarinnar í lok 18. aldar, með auknum mannfjölda og um leið aukinni neyslu, hefur mannkynið haft veruleg áhrif á vistkerfið í heiminum. Með sama áframhaldi er hætt við að farið verði yfir þolmörk jarðar (Vasseur L., o.fl., 2017) en afar mikilvægt er að vera meðvitaður um að auðlindir jarðar og geta þeirra til að sinna þörfum okkar eru takmarkaðar. Þess vegna er nauðsynlegt að gæta að vistkerfinu til að viðhalda heilbrigðu ástandi umhverfisins um allan heim (Moldan o.fl., 2012). Gæði sjávar, ferskvatns og andrúmslofts geta til að mynda breyst við hvers konar neikvæð umhverfisáhrif. Með umhverfislegri sjálfbærni er miðað að því að ganga ekki á höfuðstól náttúrunnar og tryggja þannig að komandi kynslóðir geti hagnýtt náttúrugæðin áfram (Olafsson, Cook, Davidsdottir og Johannsdottir, 2014).

Þegar umræða um umhverfisvernd hófst á áttunda áratugnum var talið að þegar einstaklingar yrðu meðvitaðir um slæm umhverfisáhrif og takmörkun á auðlindum jarðar myndi það leiða til breyttra lífshátta. Svo reyndist hins vegar ekki vera. Í Bretlandi hefur fjárhagsleg hvatning verið notuð til þess að fá fólk til að breyta viðhorfi sínu til umhverfisins og vegatollar hafa svo dæmi séu tekin verið settir þar sem mengun hefur



aukist vegna umferðarþunga. Þessi aðferð hefur virkað vel og fengið fólk til þess að breyta hegðun sinni og umferðarþungi hefur minnkað um allt að níutíu prósent (Dobson, 2007). Þar og annars staðar hefur skattur einnig verið lagður á plastpoka með þeim árangri að notkun þeirra hefur dregist mjög saman (Marthino, Balaia og Pires, 2017).

Samkvæmt Efnahags- og framfarastofnuninni (OECD) er hægt að skilgreina umhverfislega sjálfbærni þannig að nauðsynlegt sé að endurnýjanlegar auðlindir séu nýttar á skilvirkan hátt þannig að það hafi ekki áhrif á náttúrulega endurnýjun þeirra. Í öðru lagi er mikilvægt að notkun óendurnýjanlegra auðlinda sé takmörkuð við að hægt sé að bæta hana upp með einhvers konar staðgengni endurnýjanlegra auðlinda (Stjórnarráðið, 2011). Til þess að meta umhverfislega sjálfbærni er meðal annars horft til jafnvægis á milli mannglegra athafna og náttúru. Einnig til þess að réttlætis sé gætt á milli núlifandi kynslóðar og komandi kynslóðar annars vegar og á milli einstaklings og náttúru hins vegar (Olafsson, o.fl., 2014). Mikil losun gróðurhúsalofttegunda, uppsöfnun úrgangs og álag á vistkerfið er umhverfisvandi sem flest lönd standa frammi fyrir. Ósnortin náttúra er mikilvæg auðlind og skilar óáþreifanlegum ávinningi fyrir þá sem stunda almenna útivist en getur einnig skilað áþreifanlegum ávinningi í ferðapjónustu. Í stefnuáætluninni Ísland 2020 er lögð áhersla á sjálfbærni og forystu Íslands í umhverfismálum með sjálfbærri nýtingu auðlinda (Stjórnarráðið, 2011).

2.3 Sjálfbær efnahagur

Áhyggjur af ofnýtingu náttúruauðlinda er upphaflega kveikjan að hugmyndinni um sjálfbæra þróun en síðar var einnig farið að tala um sjálfbæran efnahag (Anand og Sen, 2000). Til að meta efnahagsleg gildi eru tengd saman áhrif umhverfisbreytinga á almenna velferð einstaklinga (Lee, Springborn, Handy, Quinn og Shilling, 2010). Robert Repetto (1985) skilgreinir efnahagslega sjálfbærni sem nútíma efnahagskerfi sem er stjórnað á þann hátt að núverandi kynslóð geti lifað á ágóðanum af auðlindunum og viðhaldið og bætt fjárhagslegan grunn svo að jafngott eða betra líf bíði næstu kynslóðar. Á sama hátt telja Baumgartner og Quaas (2010) hugmyndina um efnahagslega sjálfbærni felast í hagkvæmni í nýtingu auðlinda sem megi ekki sóa í þeim tilgangi að ná markmiðum sem varða þarfir og langanir einstaklinga. Hún felst í réttlæti gagnvart núverandi og komandi kynslóð og hvernig má nýta náttúrulegar auðlindir á réttmætan og skilvirkan hátt. Í skilgreiningunni felst þannig hvoru tveggja hagkvæmni og réttlæti og áherslan er á samband einstaklinga við náttúruna en einnig á framtíðina. Efnahagsleg sjálfbærni byggist á siðferðilegu réttlæti



Þegar kemur að framtíðarsýn samfélagsins og áherslan er á að viðhalda þekkingu þar sem mikilvægt er talið að huga að skilvirkni svo að hvorki mannauði né náttúruauði verði sóað.

Efnahagsleg sjálfbærni snýst jafnframt um sjálfbær markmið í öllum ríkjum heims. Jafnvel þó túlkunin geti verið misjöfn þarf að vera eining um grundvallaratriði hvað varðar þróun efnahagslegrar sjálfbærni til að mögulegt sé að markmiðin náist. Stjórnvöld þurfa að tryggja að breyting verði á dreifingu kostnaðar og gróða svo hægt sé að tryggja efnislega sjálfbærni (Brundtland, 1987). Þannig skiptir máli hvernig efnahagslegum gróða er skipt og ágóði auðlinda nýttur. Sérstaklega þarf að huga að fátækum og leggja áherslu á stuðning hins opinbera við heilbrigðisþjónustu og aðra þá þjónustu sem getur haft áhrif á lífshorfur fólks. Þó mikið sé rætt um skyldur okkar gagnvart framtíðar kynslóðum þá þarf einnig að huga að velferð núlifandi kynslóðar og spyrja sig hvort sé þörf fyrir endurúthlutun auðlinda. Með því að auka við úthlutun af efnahagslegri innkomu til menntunar og heilbrigðisþjónustu eru meiri líkur á betri skilyrðum fyrir komandi kynslóðir. Þegar fólki gefst tækifæri til góðrar lífsafkomu eykst möguleikinn á sjálfbæru samfélagi (Anand og Sen, 2000).

Víða um heim hafa stjórnvöld sett fram lög og áætlanir sem snúa að sjálfbærni þar sem skilningur þeirra hefur aukist á mikilvægi hennar (Drífa Guðmundsdóttir, 2013). Hér á landi leggja stjórnvöld áherslu á nauðsyn þess að tryggja samkeppnishæft og sjálfbært fjármála- og skattaumhverfi til þess að skapa umhverfi til vaxtar á Íslandi (Stjórnarráðið, 2011) og eitt af heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna er að „stuðla að viðvarandi sjálfbærum hagvexti og arðbærum og mannsæmandi atvinnutækifærum fyrir alla“ (Stjórnarráðið, 2018).

2.4 Samfélagsleg sjálfbærni

Í upphafi umræðu um sjálfbærni var minni áhersla lögð á samfélagslega sjálfbærni heldur en umhverfislega og efnahagslega sjálfbærni. Ástæðan gæti mögulega verið sú að mun einfaldara er að mæla efnahagslegan vöxt og umhverfisáhrif heldur en samfélagslega sjálfbærni og því frekar verið litið á hana sem einhvers konar stoð við hinar tvær. Ekki er þó síður ástæða til að huga að þessum þætti sjálfbærni (McKenzie, 2004) en þekking einstaklinga á hvaða áhrif þeir geta haft á umhverfið með hegðun sinni er til að mynda bæði mikilvæg og verðmæt (Steffen, ofl., 2011).

Fræðimenn hafa lagt misjafnar áherslur á hugtakið samfélagsleg sjálfbærni. Sumir horfa fyrst og fremst á grunnþarfir einstaklinga á meðan aðrir leggja áherslu á áhrif



skaðlegrar hegðunar á umhverfið og eflingu hins siðferðilega þáttar. Enn aðrir tala um mikilvægi þess að viðhalda ákveðnum lífsstíl og hefðum. Vallance, Perkins og Dixon (2011) skipta hugtakinu í þrjá hluta. Fyrst er það þróun eða uppbygging (e. development) þar sem áherslan er á grunnþarfir, réttlæti og sanngirni. Þar er bæði vísað í undirstöðuatriði daglegs lífs eins og hreint vatn og húsnæði en einnig aðrar þarfir eins og menntun og atvinnu. Í öðru lagi tala þeir um brú (e. bridge) sem snýst um breytta hegðun einstaklinga þar sem markmiðið er að brúa bilið á milli einstaklinga og umhverfis og virkja einstaklinga til að vernda umhverfi sitt. Í þriðja lagi er svo viðhald (e. maintenance) sem vísar til þess hvað er mögulegt að vernda og þannig gera sjálfbært, í félagsmenningarlegu tilliti. Það gætu til dæmis verið ákveðnar hefðir eða staðir sem íbúar kjósa að sé haldið við en þetta getur líka átt við hluti eins og að minnka notkun á einkabílum.

Á hverju ári er einum þriðja af matarbirgðum heimsins eytt eða sóað. Samkvæmt þessu er stórum hluta af þeim auðlindum sem er nýttur til matarframleiðslu sóað að óþörfu og er ástæðan að miklu leyti neytendahegðun einstaklinga, sérstaklega í ríkjum með háa eða meðalháa innkomu. Með því að auka vitund einstaklinga í iðnríkjum er mögulegt að draga úr matarsóun (Gustavsson, Cederburg, Sonesson, Otterdijk og Meybeck, 2011) en hún er viðvarandi vandamál sem veldur neikvæðum umhverfisáhrifum (Graham-Rowe, Jessop og Sparks, 2013). Vischer (2017) telur að með því að nota svokallaða dreifræðisreglu (e. subsidiarity) þar sem einstaklingar eru hvattir til ákvarðanatöku og aðgerða, sé líklegra að þeir átti sig á mikilvægi þess að bera ábyrgð á sér og sínu nánasta umhverfi. Það sé ómetanlegt að fá almenning í lið með stjórnvöldum og geri fólk meðvitaðra um eigin áhrif á umhverfið.

Breytt viðhorf einstaklinga gagnvart sjálfbærni er líklegri hvati til minni sóunar og minnkandi mengunar heldur en ef hvatt er til breyttrar hegðunar án þess að viðhorfsbreyting hafi átt sér stað. Sögulega séð hefur áherslan í frjálslyndum samfélögum verið á réttindi borgaranna en minna verið rætt um skyldur þeirra þó að þær hafi líka skipað ákveðið hlutverk (Dobson, 2007). Eins segir Maslow (1968) að hverjum einstaklingi sé nauðsynlegt að fullnægja ákveðnum grunnþörfum sínum áður en mögulegt er fyrir viðkomandi að gera eitthvað óeigingjarnt. Samkvæmt honum eru öryggi, ást og félagsleg viðurkenning helstu þarfir fyrir utan hinar líkamlegu. Í nútíma samfélagi eru líklega flestir uppteknari við að uppfylla efnislegar þarfir og mega lítið vera að því að hugsa um afleiðingar eigin hegðunar. Samkvæmt UNCED (1992) er nauðsynlegt að breyta neysluhegðun og um leið útrýma fátækt en hvoru tveggja hefur neikvæð áhrif á umhverfið.



Í nútíma samfélagi stendur val fólks til að mynda ekki um hvort það sé hægt að kaupa eitthvað heldur hvað eigi að kaupa og almenningur er mataður á því hvernig neysluvörur sé nauðsynlegt að eiga (Ragna Benedikta Garðarsdóttir, Ásdís A. Arnalds og Friðrik H. Jónsson, 2008). Breytt neyslumynstur einstaklinga til að mynda í fatakaupum, þar sem meiri áhersla yrði lögð á að kaupa dýrari, vandaðan fatnað sem er framleiddur á sjálfbæran hátt gæti haft jákvæð áhrif hvað varðar umhverfismengun. Endurnýting og endurnýjun er einnig bæði umhverfis- og efnahagslega hagkvæm. Hins vegar hefur aukin framleiðsla og förgun á fatnaði slæm umhverfisáhrif þar sem það eykur þörfina á landsvæði til urðunar (Morgan og Birtwistle, 2009, bls. 192).

Minnkandi bifreiðanotkun er eitt af mikilvægustu atriðum þegar kemur að sjálfbærni þar sem hún er talin einn af mestu mengunarvöldum heims í samgöngum (Rubin og Bertolini, 2016). Töluvert hefur verið rætt um sjálfbærar samgöngur án þess þó að þær hafi komið til framkvæmda og einkabíllinn verður sjálfsagt alltaf í notkun þrátt fyrir bætтар almenningssamgöngur. Í sumum löndum eru meiri álögur lagðar á bíla eftir því sem þeir eru stærri og meiri mengunarvaldar og rafbílar jafnframt niðurgreiddir af ríkinu. Eins hefur aukist að einstaklingar hjóli á milli staða frekar en að keyra. Víða hefur átt sér stað markaðssetning með góðum árangri þar sem einstaklingar eru hvattir til að nota frekar almenningssamgöngur, ganga eða hjóla í stað þess að nota einkabíllinn (Banister, 2008).

Sjálfbærni krefst þess að sameiginlegum fjármunum og auðlindum verði ekki sóað þannig að komandi kynslóðir hafi einnig tækifæri til að njóta þeirra. Þrátt fyrir það verður að gæta þess að hinir bágstöddu geti lifað mannsæmandi lífi svo að engin verði dæmdur til að líða skort eingöngu vegna þess inn í hvaða stétt hann fæðist eða hvar í heiminum. Mikilvægt er að hafa í huga að það eru gæði en ekki magn sem eru undirstaða sjálfbærni og almenn siðferðisgildi verða að vera höfð að leiðarljósi (Anand & Sen, 2000).

Segja má að samfélagsleg sjálfbærni sé einskonar grunnur fyrir efnahags- og umhverfislega sjálfbærni. Samkvæmt því sem fram hefur komið í umræðum um sjálfbærni skipta athafnir okkar og lífsstíll verulegu máli fyrir sjálfbæra þróun og að grunnþörfum allra sé mætt. Í ljósi þess er áhugavert að beina sjónum að kenningum í siðfræði.



3 Siðfræði og samfélagsleg ábyrgð

Páll Skúlason (2011) talar um að á sama hátt og stjórnsmál og efnahagsmál eru veruleiki þá er siðferði líka veruleiki sem lýtur ákveðnum reglum og lögumálum. Við breytum samkvæmt þeim í okkar daglega lífi enda höfum við hæfileikann til að meta og greina muninn á réttu og röngu. Hins vegar getur okkur líka skjátlást um hvað er réttast að gera í siðferðilegri breytni. Skortur á siðferði getur orsakast vegna hugsunarleysis eða skeytingarleysis en hann getur líka verið til komin vegna skorts á réttlætiskennnd eða náungakærleika. Sumir einstaklingar temja sér ákveðna lesti sem geta jafnvel valdið samfélaginu skaða og stuðlað að kúgun og fátækt en græðgi og ofmetnaður eru dæmi um slíka lesti.

Þær hugmyndir sem hafa verið ráðandi um manninn sem siðferðisveru hafa ekki tekið nægjanlegt tillit til tengsla hans við aðra einstaklinga eða í samhengi við samfélagið. Forsenda þess að áfram verði lífvænlegt fyrir einstaklinga á jörðinni er að jafnvægi haldist á milli manna og annarra lífvera og náttúrunnar. Örlög jarðarinnar velta á umsvifum einstaklinga á jörðinni og afstöðu þeirra til jarðarinnar (Sigríður Þorgeirsdóttir, 2011). Í þessum kafla verður rætt um skyldur einstaklinga þegar kemur að sjálfbærni og sjálfbærri þróun í tengslum við þrjár siðfræðikenningar.

3.1 Dygdasiðfræðin

Dygðir eru meginatriði siðfræðinnar samkvæmt heimspekingnum Aristótelesi (384-322 f.Kr.) sem taldi dygð vera eiginleika sem birtist í vanabundinni breytni einstaklinga. Með þessu á hann við að ekki nægi að breyta einstöku sinnum samkvæmt ákveðnum dygðum heldur verða einstaklingar að hafa það sem reglu að breyta samkvæmt þeim gildum sem þeir hafa sett sér (Rachels, 1997). Dygðirnar skiptast annars vegar í vitrænar dygðir sem menn öðlast með kennslu og ástundun og hins vegar siðrænar dygðir sem snúast um athafnir þeirra og kenndir (Vilhjálmur Árnason, 2008). Menn fæðast þannig ekki dygðugir en geta orðið það með réttri breytni sem lærist fyrst og fremst í gegnum góðar fyrirmyndir því það sem lærist í bernsku verður mönnum tamt að gera. Einstaklingur sem er staðfastur og venur sig á réttlátar athafnir verður dygðugur þar sem hann hefur þroskað með sér réttláta siðvenju. Sama máli gegnir um þann sem er ávalt hófsamur (Aristóteles, 2011)



Nauðsynlegt er að spyrja sig hvaða eiginleikar það eru sem gera einstaklinga að góðum mönnum þar sem góður maður er sama og dygðugur maður. Traustur og áreiðanlegur persónuleiki er það sem skiptir mestu máli og líf þeirra sem lifa dygðugu lífi mun verða farsælt og þeim mun farnast betur. Aristóteles talar um dygðir sem meðallag öfga og þannig getur örlæti til að mynda orðið að brúðli ef sá sem gefur öðrum af eignum sínum gefur of mikið. Sá sem hins vegar er efnaður og er ekki tilbúin til að gefa neitt getur á hinn bóginn þá talist nískur (Rachels, 1997).

Samkvæmt Aristótelesi er áhersla dygðasiðfræðinnar á manngerðir og byggist á því að velta fyrir sér hvernig manneskjur við viljum vera frekar en hverjar skyldur okkar eru. Samkvæmt honum breytir dygðugur einstaklingur á jákvæðan hátt samkvæmt eigin löngunum en ekki vegna þess að honum beri skylda til þess. Dygðasiðfræðin snýst þannig um að sá sem framkvæmir eitthvað í ákveðnum aðstæðum gerir það af því það er honum eðlislægt og lýsir viðkomandi manneskju (Hursthouse, 1999). Samkvæmt þessu breytir dygðugur einstaklingur ekki samkvæmt því sem hann telur skyldu sína heldur vegna þess að hann hafi löngun til að breyta þannig.

Aristóteles var ekki einn um þá skoðun að líta beri á dygðir sem meginviðfangsefni siðfræðinnar en bæði Platón og Sókrates höfðu svipaða afstöðu (Rachels, 1997). Sókrates taldi ekki nóg að einstaklingar hugsuðu um og ræddu dygðir sín á milli heldur væri samsvörun á milli hugsunar og breytni manna afar mikilvæg. Hann taldi nauðsynlegt að byrja á að spyrja sig að því hvað sé manni fyrir bestu áður en tekin er ákvörðun um hvað sé rétt breytni sem leiði til góðs og réttláts lífs. Hann sagði það hverjum manni nauðsyn að beita stöðugt dómgreind sinni til þess að langanir okkar leiði okkur ekki í ógöngur en siðferðilegt uppeldi og reynsla ásamt skynsemi er mikilvægast. Platón taldi sálina skiptast í skynsemi, skap og ástríður þar sem skynsemin á að stjórna gjörðum einstaklinga. Dygðugur maður er sá sem þekkir hverjar afleiðingar athafnir hans geta haft bæði fyrir hann sjálfan og aðra (Vilhjálmur Árnason, 2008).

Hlutverk einstaklinga er mikilvægt fyrir sjálfbæra þróun þar sem hegðun þeirra og breytni skiptir almennt miklu máli. Þegar hugmyndin um sjálfbært samfélag og sjálfbæra þróun er skoðuð út frá dygðasiðfræði er hægt að álykta að dygðugt lífsemi styðji við að samfélög þróist í þá átt. Ef horft er til þess að umhverfið sé í hættu vegna lífsmáta okkar má segja að réttast væri að hver einstaklingur temji sér vanabundna hegðun byggða á dygðum. Með því að nota ekki of mikið plast, kaupa frekar fatnað sem er framleiddur á sjálfbæran hátt og endurnýta það sem hægt er, svo dæmi sé tekið sýnum við ábyrgð



gagnvart umhverfinu. Á sama hátt má segja að hófsöm neysla sé dygð sem spornar við umhverfismengun og er jákvæð bæði fyrir núlifandi og komandi kynslóðir. Nú er staðan þannig að óhófleg neysla hinna efnameiri veldur miklu álagi á umhverfið (UNCED, 1992) en hætt er við að erfitt verði að koma í veg fyrir eða breyta þessari neysluhegðun einstaklinga. Vandinn er að hluta til sá að í markaðshyggju nútímasamfélags þykir ekki öllum hófsemi vera dygð og hentar síst þeim sem framfleyta sér með viðskiptum á vörum til einkaneyslu. Í skoðanakönnun Gallup sem gerð var árið 2000 á því hvað einstaklingar teldu helst til dygða kom hófsemi hvergi fram. Hamingja nútímamannsins byggist á ytri skilyrðum þar sem hann treður sig út af lífsins lystisemdum (Salvör Nordal, 2000). Ríkjandi neysluhyggja ýtir undir að meira sé keypt en minna og menn freistast oft til að fórna siðferðisgæðum fyrir veraldleg gæði (Páll Skúlason, 1990). Annar vandi er að erfiðara getur verið að fá einstaklinga til að temja sér ákveðna hegðun ef ávinningurinn er ekki augljós eða hægt er að festa hendur á hann strax. Ekki er heldur nægilegt að vita eingöngu hvað er rétt að gera til að styðja við sjálfbæra þróun heldur er nauðsynlegt að framkvæma samkvæmt því eins og dygðasiðfræðin leggur áherslu á.

Velferð samfélagsins er hluti sjálfbærni og þar sem örlæti er talin til dygða upp að ákveðnu marki getur það verið mikilvægur þáttur samfélagslegrar ábyrgðar. Að gefa til góðgerðarmála eða hjálparstofnana kemur öllu samfélaginu til góða þar sem góð lífsafkoma sem flestra er mikilvægur hluti sjálfbærni. Með því að sýna dygð eins og samviskusemi og þannig huga að sínu nánasta umhverfi er stutt við sjálfbærni samfélags og um leið hugsanlega mögulegt fyrir stjórnvöld að lækka kostnað sveitarfélaga við hreinsun íbúahverfa og þannig styðja við efnahagslega sjálfbærni. Því má segja að hugmyndin um að temja sér dygðugt líferni og að einstaklingar spyrji sig að því hvaða breytni er sú rétta geti skipt talsverðu máli varðandi stuðning við sjálfbæra þróun samfélagsins. Þarna skiptir aftur mestu máli samkvæmt dygðasiðfræðinni að einstaklingar hafi staðfestu en einnig vilja og löngun til að breyta á þann hátt sem gagnast sjálfbærri þróun frekar en að þeir geri það vegna þess að þeim finnst þeir skyldugir til þess.

3.2 Siðfræði Kant

Samkvæmt Kant (1724-1804) snýst siðferði um að fylgja algildum reglum þar sem engar undantekningar eru leyfðar. Hann taldi einstaklinga í eðli sínu vera skynsemisverur og þannig ávallt hafa getu til að breyta skynsamlega. Raunar talar hann um skilyrðislausu skylduboðið sem lögmál um siðferðilegar skuldbindingar okkar. Allar skynsemisverur



þurfa að lúta þessu lögmáli undantekningarlaust. Þetta hefur ekkert að gera með langanir okkar heldur er þetta skilyrðislaus siðaregla sem hann nefnir skilyrðislaus skylduboðið og hljómar þannig: „Breyttu einungis eftir þeirri lífsreglu sem þú getur jafnframt viljað að verði að almennu lögmáli“. Með þessu á hann við að þegar tekin er ákvörðun um einhverja athöfn er nauðsynlegt að hugsa um hvaða afleiðingar hún hefur í för með sér og hvort hægt sé að hugsa sér það sem almenna lífsreglu. Sem dæmi gæti einstaklingur sem er vel settur ákveðið að hann hafi enga löngun til að aðstoða einhvern í neyð. Hann myndi þó tæpast vilja að þess konar breytni yrði að almennu lögmáli þar sem hann gæti sjálfur þurft síðar meir á aðstoð að halda og hefði þá enga von um hjálp vegna lögmáls sem byggðist á hans eigin vilja. Siðferðileg dómgreind um breytni snýst fyrst og fremst um að vilja að lífsregla okkar verði að algildu lögmáli (Kant, 2003).

Önnur útgáfa Kant af skilyrðislaus skylduboðinu snýst um að aldrei sé réttlætanlegt að koma fram við sjálfa sig eða aðra sem tæki nema sem markmið um leið. Hann kallar þetta verklega skylduboðið: „Breyttu þannig að þú komir aldrei fram við manneðlið, hvort sem það er í persónu þín sjálfs eða persónu allra annarra, einungis sem tæki heldur ávallt um leið sem markmið“ (Kant, 2003). Hlutir geta haft ákveðið gildi fyrir einstaklinga sem þeir nota eingöngu til að ná ákveðnu markmiði. Hins vegar eru þeir sjálfir frjálssar skynsemisverur sem geta tekið sjálfstæðar ákvarðanir, sett sér markmið og þannig breytt skynsamlega í hvert sinn. Þetta er siðferðilega mikilvægt fyrir hvert samfélag og þess vegna ekki mögulegt að líta á einstaklinga sem hvern annan hlut. Þeir breyta af skyldu og þeir hafa vit til að skilja rétta breytni og skapa þannig siðferðilegt gildi. Þess vegna ber okkur skylda til að stuðla að velferð annarra og virða réttindi þeirra. Á sama hátt er aldrei réttlætanlegt að nota annað fólk til að ná markmiðum sínum (Rachels, 1997).

Sé farið eftir kenningu Kant um að gera ekkert nema geta um leið viljað að það verði að almennu lögmáli má taka sem dæmi umgengni einstaklinga um náttúruna og raunar sitt nánasta umhverfi. Segja má að það sé skylda okkar að ganga vel um enda þykir það almennt góð regla. Ekki er heldur hægt að hugsa sér að nokkur geti sett fram rök fyrir því að venja sig á að vera hirðulaus og ganga illa um en til að hegðun geti talist siðleg og skynsamleg verður að vera hægt að færa fyrir henni nægjanleg rök samkvæmt Kant. Okkur ber ávalt að breyta eftir skyldu og um leið þarf sú breytni að vera siðferðilega rétt. Þá verður einnig að spyrja sig hvort við viljum að breytni okkar verði að almennu lögmáli. Við þurfum fyrst og fremst að bera virðingu fyrir því sem er rétt að gera án þess að hugsa hvað okkur langar eða hvað er hagkvæmast fyrir okkur (Vilhjálmur Árnason, 1990).



Ef tekið er mið af þeirri reglu að koma aldrei fram við nokkra manneskju einungis sem tæki heldur um leið sem markmið er hægt að segja að mikilvægt sé að gæta þess að kaupa ekki vörur sem eru framleiddar við slæman aðbúnað starfsfólks. Það er þá einungis notað sem tæki til að ná fram markmiðum vinnuveitanda um gróða og kaupanda um veraldleg gæði á sem ódýrastan hátt. Eins og Kant segir þá ber okkur skylda til að gera öðrum gott og stuðla að velferð þeirra (Rachels, 1997) og við megum aldrei misnota neinn (Vilhjálmur Árnason, 2016). Með því að versla við þá sem notfæra sér bágar aðstæður fólks erum við að breyta siðferðilega rangt. Ef tekið er mið af sjálfbærni þá hindrar þess konar framleiðsla sjálfbæra þróun vegna þess að hún ýtir undir fátækt og dregur úr möguleikum starfsfólks til betra lífs. Framleiðsla á ódýrum fatnaði er heldur ekki hagkvæm ef tekið er mið af umhverfisþáttum þar sem hann endist síður og er frekar keyptur sem tískufatnaður með stuttan líftíma sem er fljótlega hent. Því má segja skyldu okkar að versla ekki vörur sem eru framleiddar á þennan hátt.

Uppsöfnun úrgangs og sóun á matarbirgðum veldur miklum umhverfisvanda í heiminum. Einstaklingur sem ákveður að flokka ekki úrgang og hirða ekki um hvort hann hendir matarafgöngum stuðlar að auknum neikvæðum umhverfisáhrifum. Viðkomandi þarf að spyrja sig hvort hann telji þessa lífsreglu geta orðið að almennu lögmáli. Varla vilja margir að umhverfisvandi heimsins aukist enda kæmi það niður á öllum einstaklingum jarðarinnar. Hver einstaklingur þarf þess vegna að hugsa almennt um siðferðilegar skyldur sínar þegar kemur að sjálfbærri þróun. Ef flestir hættu að sinna umhverfinu, hirtu ekki um hvar þeir hentu rusli eftir sig og hvert heimili hefði ekki minna en eina bifreið til umráða, er hætt við að óþrifnaður og mengun í heiminum minnkaði lífsgæði okkar verulega. Þess vegna ættu allir einstaklingar sem skynsemisverur að tileinka sér lífsreglur sem hugsa mætti sem almennt lögmál þegar kemur að því að stuðla að sjálfbærni í heiminum.

3.3 Samfélagssáttmáli Hobbes

Thomas Hobbes byggði kenningu sína um siðfræði á þeirri skoðun að til þess að samfélag geti virkað þurfi allir einstaklingar að gangast undir einhvers konar sáttmála sem byggir á gagnkvæmu trausti. Ef ekki er gerður þess konar sáttmáli muni ríkja það sem hann kallar náttúrulegt ástand sem hann lýsir í bók sinni *Leviathan* sem ástandi þar sem iðjusemi þætti óþörf og þess vegna yrðu engar framfarir í tækni eða annarri þekkingu. Fólk myndi lifa í stöðugum ótta og líf þess yrði bæði ofbeldisfullt og stutt (Rachels, 1997). Hobbes taldi alla vera frá náttúrunnar hendi drifna áfram af þessum ótta en líka af reiði og girnd og í þannig



ástandi væru allir í stríði hver gegn öðrum (Hobbes, 1997). Að mati Hobbes er þess vegna öllum samfélögum nauðsynlegt að sameinast um það sem hann kallar samfélagssáttmála þar sem ríkið sér um að framfylgja ákveðnum settum reglum. Þetta er um leið grundvöllur siðferðisins sem er fólgið í þeim reglum sem styrkja samfélagið. Með samfélagssáttmála er mögulegt fyrir einstaklinga að hugsa ekki eingöngu um eigin hag heldur einnig að bera umhyggju fyrir öðrum vegna þess að sáttmálinn frelsar þá undan stöðugum ótta um líf sitt og þörf fyrir að vera að verja sig og sína hagsmuni (Rachels, 1997). Þrátt fyrir að sáttmálinn gefi tækifæri til þess að huga að samborgurum þá er hann samt sem áður fyrst og fremst stofnaður af sjálfselsku og eigingirni. Hver einstaklingur sækist eftir þægindunum sem af honum hlýst og óskar sér sem mestrar hagsældar og vegsemdar sjálfum sér til handa. Samfélag er ekki eingöngu eftirsóknarvert eingöngu fyrir sjálft sig heldur einnig vegna þess að einstaklingurinn hagnast á því sjálfur (Hobbes, 1971). Ríkisstjórn er komið á fót til að mögulegt sé að koma á samfélagssáttmála því aðeins þannig er hægt að tryggja skipulag í samfélagi einstaklinga. Ríkisstjórnin sér um að koma á lögum og reglu og þannig er mögulegt að sjá til þess að allir standi við þá samninga sem ríkið setur.

Grundvöllur siðferðis er útskýrður í Sáttmálakenningunni (e. The Social Contract Theory) sem er nauðsynleg til þess að einstaklingar geti orðið siðferðisverur. Sáttmálakenningin skapar aðstæður til að einstaklingar geti borið umhyggju fyrir öðrum vegna þeirra reglna sem hann setur. Þannig verður hver einstaklingur að víkja til hliðar eigingjörnum hvötum sínum og fylgja reglum samfélagsins sem á að stuðla að velferð og hagsmunum allra. Samfélagssáttmálinn hvetur einstaklinga til þess að lifa samkvæmt þeim reglum sem samfélagið setur hverju sinni vegna þess að lög gera ráð fyrir að þeir þurfi að svara til saka samkvæmt lögum ef þeir gera það ekki. Væru þessar reglur ekki til staðar er hætt við að ófremdarástand ríkti í flestum samfélögum þar sem hver og einn myndi fyrst og fremst hugsa um eigin hag og gera hvað sem er til að tryggja sem bestar aðstæður fyrir sig sjálfan. Þannig ástand gæti skapað hættu á allskyns glæpum (Rachels, 1997).

Samkvæmt kenningu Hobbes um samfélagssáttmála er hann hverju samfélagi nauðsynlegur. Ríkisstjórn er kosin til að setja lög sem öllum ber að fara eftir vegna þess að annars myndast ástand þar sem allir færu gegn öllum og hver myndi hugsa eingöngu um eigin hag. Samfélagssáttmálinn ver okkur fyrir þess konar ástandi og gerir okkur kleift að huga að náunganum og umhverfinu án þess að taka sérstaka áhættu með okkar eigin hag. Sáttmálinn gefur einstaklingum þannig tækifæri til að breyta rétt og taka skynsamlegar



ákvarðanir. Ef þetta er skoðað út frá sjálfbærni og sjálfbærri þróun má segja að hver einstaklingur geti lagt sitt af mörkum til að styðja við og taka þátt í að efla sjálfbærni þess samfélags sem þeir búa í. Með því að sammælast um hluti eins og að spara rafmagn og flokka heimilissorpið legði hver og einn sitt af mörkum til að ná markmiði til sjálfbærrar þróunar. Þannig ætti þátttaka þeirra stóran þátt í að tryggja velferð og sjálfbærni samfélagsins. Vandinn er kannski sá að engin lög hafa verið sett hvað þetta varðar og því engin viðurlög við að taka ekki þátt. Hins vegar ætti rík áhersla lögð á að gæta hagsmuna allra í samfélaginu og augljóst er að þeir þættir sem stuðla að sjálfbærri þróun eru mikilvægir og eru öllum í hag.

Ef enginn hugar að lífsháttum sem stuðla að sjálfbærri þróun er mjög líklegt að þróunin verði sú að varla verði lífvænlegt á jörðinni vegna mengunar og auðlindir myndu að lokum eyðast um allan heim. Þannig staða kæmi engum til góða. Hins vegar ef flestir taka þátt í því að lifa samkvæmt hugmyndinni um sjálfbæra þróun þrátt fyrir að einhverjir héldu áfram lifnaðarháttum sem ekki styðja við sjálfbærni myndi það líklega hindra eða tefja að samfélagið nái því markmiði. Besti kosturinn væri sá að allir huguðu að neysluvenjum sínum og almennt að lifa samkvæmt lifnaðarháttum sem styðja við sjálfbærni. Með þess konar samfélagssáttmála myndi heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna (e.d.) um hnattræna sjálfbærni að öllum líkindum nást sem yrði til mestrar hagsældar fyrir flesta. Hættan er sú að fullt frelsi einstaklinga til að haga sér samkvæmt eigin vilja muni hindra eða tefja þessa þróun. Samfélagssáttmáli sem yrði gerður til að stuðla að sjálfbærri þróun yrði að öllum líkindum að vera gerður með aðkomu ríkisins. Þar með yrði frelsi einstaklingsins skert að einhverju leyti en það myndi jafnframt leiða til meiri hagsældar fyrir alla þegar kemur að verndun auðlinda, hreinna andrúmslofti og umhverfi ásamt öðrum þáttum sem leiða til sjálfbærrar þróunar. Reglur þar sem ákveðnum viðurlögum er beitt hafa leitt til jákvæðrar þróunar á hegðun einstaklinga samanber þar sem álögur eru settar á umferð um miðbæi eða notkun plastpoka svo dæmi séu tekin.

Ef horft er á þessar þrjár siðfræðikenningar má sjá að hófsemi, örlæti og samviskusemi eru dygðir sem geta bætt lífsskilyrði í heiminum. Almennar reglur eins og hirðusemi og virðing fyrir umhverfinu og öðrum einstaklingum skipta máli fyrir náttúru og nærumhverfi. Auk þess myndi almennur sáttmáli þar sem áherslan yrði á að lífshættir miðuðust við að ýta undir sjálfbærni hafa jákvæð áhrif ef litið er til þess að viðurlög við hegðun sem hindrar að markmið um sjálfbæra þróun náist hafa leitt til jákvæðrar hegðunar. Af því má leiða að



sterk siðferðileg rök séu fyrir því samkvæmt þeim kenningum sem hér hafa verið skoðaðar að farið sé eftir þeim með það að markmiði að heimurinn verði sjálfbær.



4 Rannsókn

Könnun var gerð til þess að fá vísbendingu um að hvaða marki hegðun okkar, lífshættir og viðhorf eru í samræmi við hugmyndina um sjálfbærni og sjálfbæra þróun. Hér verður farið yfir aðferðafræðina og framkvæmd könnunarinnar. Farið verður yfir lýsingu úrtaks og niðurstöður og þær túlkaðar. Að síðustu er umræðukaflir þar sem niðurstöður eru teknar saman og komið með hugmyndir að úrbótum.

4.1 Aðferð

Notast var við meginlega rannsóknaraðferð í formi spurningakönnunar til þess að safna gögnum og fá upplýsingar um tilhneigingu til ákveðinna viðhorfa og hegðunar (Goertzen, 2017). Þýðið eru einstaklingar 18 ára og eldri. Til þess að ná til sem flestra á stuttum tíma var úrtakið fengið með blöndu af hentugleika- og snjóboltaúrtaki þar sem könnunin var áframsend af öðrum einstaklingum (Þórólfur Þórlindsson og Þorlákur Karlsson, 2013). Notast var við spurningaforritið SurveyMonkey til að hanna spurningalista.

4.2 Framkvæmd


Könnuninni var komið á framfæri á rafrænan hátt í gegnum Facebook þar sem rannsakandi setti inn tengil á könnunina ásamt því að fá tvo einstaklinga á ólíkum aldri til þess að deila honum þar einnig. Með því var vonast til að fá svör frá dreifðari aldurshópum. Könnunin var send út þann 26. febrúar 2018 og henni lokað 4. mars sama ár. Svör bárust frá 243 þátttakendum, 182 konum og 61 karlmanni. Spurningarnar snérist annars vegar um að svara fjórum fullyrðingum um hversu vel svarendur væru að sér um hugtökin sjálfbærni og sjálfbæra þróun og hvort þeir hefðu áhyggjur af umhverfismálum. Einnig var spurt hversu meðvitaðir þeir væru um atriði sem skipta máli fyrir slíka þróun eins og orkusparnað og hvar fatnaður og aðrar vörur sem þeir kaupa eru framleiddar. Hins vegar voru níu fullyrðingar þar sem spurt var hversu sjaldan eða oft svarendur hegðuðu sér samkvæmt hugmyndinni um sjálfbæra þróun. Spurt var hvort fólk notaði aðrar samgönguleiðir en einkabílinn, um notkun fjölnotapoka, flokkun úrgangs og nýtingu matarafanga. Einnig hvort það gæti að nánasta umhverfi sínu, gefi til góðgerðarmála og gefi föt sem það er hætt að nota eða setji í endurvinnslu. Spurt var um hvort fólk kaupi föt eða hluti sem það vantar



ekki og hvort það kaupir fatnað eða aðrar vörur sem framleiddar eru við lélegan aðbúnað og bág kjör. Að lokum voru bakgrunnsspurningar til þess að fá hugmynd um kyn og aldur, menntunarstig, heimilishagi og tekjur þátttakenda.


4.3 Lýsing úrtaks

Svör bárust frá alls 243 þátttakendum og voru konur í miklum meirihluta eins og sjá má á mynd 1 eða 74,9% svarenda.



Mynd 1: Kyn


Aldursdreifingin var góð þar sem yngstu þátttakendur voru á aldrinum 18-24 ára en þeir elstu 65 ára eða eldri. Engin svör kom frá aldurshópnum yngri en 18 ára og flestir svarendur voru á aldrinum 45-55 ára.



Mynd 2: Aldur




Þegar menntunarstig er skoðað sést að yfir 60% þátttakenda hafa lokið grunn- eða framhaldsnámi á háskólastigi. Svipað hlutfall, eða í kringum 10% þátttakenda hafa lokið grunnskólaprófi, stúdentsprófi eða iðnnámi og tæp 6% nefna annað.



Mynd 3: Hæsta menntunarstig sem þú hefur lokið


Ríflega helmingur þátttakenda býr með maka og barni/börnum. Þar á eftir nefna flestir að þeir búi með maka án barna eða að þeir búi einir. Fæstir búa með vinum eða í foreldrahúsum.



Mynd 4: Heimilishagir




Tekjuskiptingin dreifðist mjög jafnt nema þegar horft er á lágsta tekjuhópinn sem er með minna en 200.000 í ráðstöfunartekjur en sá hópur var einungis rúm 4% þátttakenda.



Mynd 5: Ráðstöfunartekjur heimilisins eftir skatta

4.4. Niðurstöður

Hér verður farið yfir niðurstöður könnunarinnar. Byrjað er á að kynna niðurstöður á viðhorfum til umhverfismála og vitundar um sjálfbærni og framleiðslu fatnaðar og annars varnings. Því næst er greint frá niðurstöðum um hegðun og lífshætti. Þar á eftir eru niðurstöður túlkaðar og að lokum eru umræður með samantekt á niðurstöðum rannsóknarspurningarinnar og spurningakönnunar.




Mynd 6: Viðhorf til umhverfismála, vitund um sjálfbærni og framleiðslu fatnaðar og annars varnings

Á mynd 6 er hægt að sjá hvernig svör þátttakenda skiptast eftir fjölda.

Langflestir eru mjög eða frekar sammála því að vera meðvitaðir um mikilvægi orkusparnaðar þar sem yfir 76% svara því með fullyrðingunni mjög sammála eða frekar sammála.

Þegar kemur að spurningum um hversu vel fólk er að sér um hugtökin sjálfbærni og sjálfbær þróun þá eru rúm 15% mjög sammála en rúmlega 50% eru frekar sammála. Frekar hátt hlutfall eða tæp 21% svara þessu með hvorki/né og tæp 2,5% eru mjög ósammála því að vera vel að sér um þessi hugtök. Einn kaus að svara ekki þessari spurningu.

Hvað varðar að vera meðvitaður um hvar fatnaður eða aðrar vörur sem þeir kaupa eru framleiddar þá eru ekki nema rúm 7% mjög sammála, tæp 40% eru frekar sammála. Hins vegar svara þessu frekar margir sem hvorki/né eða 27,69 % svarenda og frekar ósammála eru 20.66%.



Mynd 7: Hegðun og lífshættir

Á myndinni hér fyrir ofan eru nokkrar fullyrðingar sem snúa að hegðun og lífsháttum fólks. Einungis tæplega 6% ganga/hjóla eða nota almenningssamgöngur í stað einkabifreiðar alltaf, og tæp 17% oftast þegar þeir hafa tækifæri til. Tæp 24% notast stundum við þennan samgöngumáta en flestir eða tæplega 54% svara sjaldan eða aldrei.

Flestir eða rúm 39% flokka úrgang alltaf eða oftast rúm 31%. Þó eru samtals rúmlega 17% sem flokka sjaldan eða aldrei úrgang og rúm 12% sem gera það stundum. Yfir 50% nýta matarafganga oft og rúm 27% alltaf. Mjög fáir nýta aldrei matarafganga þar sem einungis 1,26% segjast aldrei gera það. Tæplega 21% nýta matarafganga stundum eða sjaldan. Fjórir svöruðu ekki.

Algengast er að gæta að einhverju leyti að nánasta umhverfi sínu þar sem algengasta svarið var oft eða hjá 34,7%, þar á eftir sögðust 25,21% stundum gæta að nánasta umhverfi sínu og ríflega 20% gera það sjaldan. Hins vegar segjast 13,22% alltaf gæta að nánasta



umhverfi sínu. Fæstir gera það aldrei eða rúm 6% svarenda. Nánast allir gefa einhvern tíma til góðgerðarmála en þar eru það flestir sem segjast gera það oft eða 39% þeirra sem svara. 13,22 gefa alltaf til góðgerðarmála og samtals eru það ríflega 43% sem gera það oft eða stundum. 13,28% gefa sjaldan en tveir svöruðu ekki þessari spurningu. Stærsti hluti þeirra sem svara könnuninni gefa föt til Rauða krossins eða endurvinnslu þar sem tæplega 66% segjast alltaf gera það. 22,7% gera það oft einungis 1,24% segjast aldrei gefa föt til endurvinnslu eða Rauða krossins. Einn kaus að svara ekki þessar spurningu.

Þegar kemur að því að kaupa föt eða hluti sem fólki vantar ekki þá er algengasta svarið eða tæp 42% sem segjast stundum gera það. Fæstir eða tæp 10% gera það sjaldan. Fjölmennasti hópurinn notar alltaf eða oft fjölnota poka þegar þeir fara í búð eða samtals ríflega 65% þeirra sem svara. Þeir sem svara með stundum eða sjaldan eru tæplega 24% og 11,2% nota aldrei fjölnota poka þegar þeir fara í búð. Tveir af þeim sem tóku þátt slepptu því að svara spurningunni. Síðast var spurt hvort fólk keypti fatnað eða aðrar vörur sem eru framleiddar við lélegan aðbúnað og bág kjör. Tæplega 54% þeirra sem tóku þátt í að svar með stundum en fáir svarenda eða tæp 3% alltaf. Tæp 7% svara með aldrei.

4.4 Túlkun niðurstaðna

Eins og fram hefur komið var notast við hentugleika- og snjóboltaúrtak við gerð þessarar rannsóknar. Af þeim sökum eru ályktanir af svörum dregnar með þeim fyrirvara að ekki er hægt að fullyrða um hve vel úrtakið endurspeglar þýði einstaklinga yfir 18 ára aldri. Hins vegar er fjöldi svarenda vel yfir tvö hundruð manns og koma úr breiðum aldurs- og tekjuhópum sem styrkir úrtakið. Fyrst og fremst var leitast við að fá fram vísbendingar um þekkingu og breytni þegar kemur að sjálfbærni. Hér verða niðurstöður dregnar saman og túlkaðar miðað við þau svör sem bárust.

Aldursdreifingin var nokkuð breið en hins vegar hallar verulega á karlmenn þegar kemur að fjölda svarenda. Menntunarstig var frekar hátt þar sem yfir helmingur þeirra sem svara hefur lokið grunn- eða framhaldsnámi á háskólastigi. Til samanburðar má nefna að innan við helmingur einstaklinga á aldrinum 25-64 á Íslandi hafa lokið námi á háskólastigi (Hagstofa, 2017). Flestir svarenda eru í sambúð og tekjudreifing var nokkuð jöfn þó að mikill minnihluti hafi tekjur undir 200.000 krónum á mánuði.

Verulega jákvætt er að í niðurstöðum könnunarinnar kemur fram að helmingur svarenda er vel að sér um hugtökin sjálfbærni og sjálfbæra þróun. Flestir eru meðvitaðir um mikilvægi orkusparnaðar og það er áhugavert að sjá hversu margir hafa áhyggjur af



umhverfismálum. Samtals svara því 87,08% játandi sem gæti gefið til kynna að almennt hafi einstaklingar áhyggjur af hvernig þessi mál eru að þróast. Þrír kusu að svara ekki þessari spurningu. Miðað við þessar niðurstöður er stór hluti einstaklinga meðvitaður um þau neikvæðu áhrif sem mengun og aðrir neikvæðir umhverfisþættir hafa á jörðina. Aðeins mjög lítil hluti eða 2,5% eru frekar eða mjög ósammála því að hafa áhyggjur af umhverfismálum Þessi niðurstaða gefur vísbendingu um að sú umræða sem hefur verið ríkjandi undanfarna áratugi um sjálfbærni og mikilvægi þess að huga að umhverfinu hafi skilað sér að stórum hluta til almennings.

Þegar niðurstöður um hegðun og lífshætti er skoðuð má sjá að þrátt fyrir hversu margir eru meðvitaðir um sjálfbærni og sjálfbæra þróun er ekki alltaf samræmi þarna á milli. Meirihlutinn notar einkabifreiðina oftast og aðeins örfáir kjósa alltaf frekar að ganga, hjóla eða nota almenningsamgöngur þegar þeir hafa tækifæri til. Flestir flokka úrgang alltaf eða oftast samkvæmt niðurstöðum könnunarinnar en þó kemur á óvart hversu margir gera það sjaldan eða aldrei. Það kom ánægjulega á óvart hversu margir nýta matarafgangna að einhverju marki og hversu lágt hlutfall svarenda gerir það aldrei. Algengast er að fólk gæti að nánasta umhverfi sínu og mjög fáir sem gera það aldrei. Þarna hefði þó eftir á að hyggja mátt útskýra betur hvað við var átt þar sem spurningin var hugsuð á þann hátt að kanna hvort fólk gæti að nánasta umhverfi fyrir utan eigin lóðir eða girðingar. Hugsanlegt er að spurningin hafi misskilist en það er hins vegar mjög jákvætt ef svo margir hirða upp rusl og sópa gangstéttar sem eru utan við eigin lóðarmörk. Notkun fjölnota poka er algeng og meira en helmingur sem notar þess konar poka alltaf eða oftast sem er afar jákvæð þróun þegar plastúrgangur er farin að ógna lífríki jarðar.

Nánast allir gefa til góðgerðarmála og gefa fót annað hvort í Rauða krossinn eða til endurvinnslu. Aðeins örfáir kaupa aldrei föt eða hluti sem þá vantar ekki og svipað er uppi á teningnum hvað varðar að kaupa fatnað eða aðrar vörur sem eru framleiddar við lélegan aðbúnað og bág kjör. Sama vitundarvakningin virðist ekki hafa orðið þegar kemur að neytendahegðun einstaklinga og á umhverfismálum. Færri virðast meðvitaðir um hvar fatnaður eða aðrar vörur sem þeir kaupa eru framleiddar. Mögulega er ástæðan sú að fólk tengir þessa hegðun ekki við sjálfbærni sem getur stafað af því að umræðan í samfélaginu sé minni um mikilvægi þess að huga að velferð einstaklinga og útrýmingu fátæktar í því samhengi.

Miðað við þær vísbendingar sem rannsóknin gefur þá eru þeir einstaklingar sem könnunin nær til almennt meðvitaðir um hvað felst í sjálfbærni og sjálfbærri þróun. Hins



vegar er ekki samræmi á milli vitundar og hegðunar hvað varðar þann þátt að draga úr mengun frá útblæstri bifreiða. Þrátt fyrir að meira en helmingur svarenda hafi áhyggjur af umhverfismálum nota fæstir þeirra annan fararmáta en einkabifreiðina. Einnig virðist ekki vera almenn þekking á mikilvægi þess að útrýma fátækt í tengslum við sjálfbærni. Hvað varðar aðra þætti sem spurt var um má draga þá ályktun, án þess að hægt sé að alhæfa um það, að einstaklingar séu almennt meðvitaðir um mikilvægi lífshátta sem skipta máli fyrir sjálfbæra þróun.

4.5 Umræður

Rannsóknarspurningin sem sett var fram í upphafi er sú hver er siðferðileg skylda einstaklinga í tengslum við samfélagslega ábyrgð sem stuðlar að sjálfbærni og sjálfbærri þróun og hversu meðvitað fólk er um þá skyldu. Með spurningakönnun var jafnframt leitast við að fá vísbendingu um vitund einstaklinga á hugtakinu sjálfbærni og hvort samræmi sé á milli þekkingar og almennrar breyttni.

Eins og fram hefur komið er sjálfbærni og sjálfbær þróun afar mikilvæg fyrir umhverfið en einnig í efnahagslegum skilningi og þeirri viðleitni að koma á jafnræði og velferð í öllum samfélögum. Ef tekið er mið af hversu mikil áhrif hegðun okkar og lífshættir hafa í átt til sjálfbærni er ljóst að við höfum ákveðnar siðferðilegar skyldur til að mögulegt sé að markmiði sjálfbærrar þróunar verði náð. Hverjum einstaklingi ber skylda til að breyta dygðuglega á þann hátt að afleiðingar sem af athöfnum þeirra hljótast taki mið af umhverfisþáttum. Jafnframt styður þess konar breyttni við efnahagslega sjálfbærni og gæti til að mynda dregið úr kostnaði sveitarfélaga. Miklu skiptir að temja sér hófsemi og huga að velferð annarra með því að gæta að hvaðan hlutirnir sem við kaupum okkur koma. Það er siðferðilega rangt að nota sér neyð annarra til að ná eigin markmiðum í neysluhegðun. Mikilvægt er líka að hafa í huga hvaða athafnir við viljum að verði að almennu lögmáli eins og Kant talar um. Með því að vera meðvitað um afleiðingar hegðunar okkar eru meiri líkur á að hver einstaklingur hugi að því að ganga vel um sitt nánasta umhverfi og gæti jafnræðis. Gera þyrfti sáttmála í hverju samfélagi með ákveðnum reglum sem styðja við sjálfbærni og sjálfbæra þróun. Á þann hátt væri hægt að hindra að hver hugsaði eingöngu um eigin hag heldur myndi leggja sitt lóð á vogarskálarnar.

Samkvæmt könnun sem hér var gerð virðast flestir meðvitaðir um hugtökin sjálfbærni og sjálfbæra þróun og hafa áhyggjur af umhverfismálum. Sömuleiðis er algengt að fólk geri sér grein fyrir mikilvægi orkusparnaðar. Margir eru farnir að temja sér jákvæða breyttni



eins og að flokka rusl, draga úr matarsóun og minnka plastnotkun. Þannig sýnir fólk vilja til að venja sig á lífshætti sem leiða til sjálfbærrar þróunar sem er afar mikilvægt fyrir samfélagið. Flestir einstaklingar virðast gæta að sínu nánasta umhverfi sem er mjög jákvætt. Á sama hátt gefa margir nánast alltaf notaðan fatnað í stað þess að fleygja honum og nokkuð algengt að gefið sé til góðgerðarmála. Hins vegar er ekki alltaf samræmi á milli meðvitundar og breytni fólks. Það sem vantar upp á er að huga að því að velferð allra sé gætt. Fæstir velta fyrir sér hvaðan vörur sem þeir kaupa eru framleiddar eða við hvaða aðstæður. Þegar kemur að áhrifaþáttum eins og mengun er lítið samræmi á milli vitundar og breytni þar sem fólk notar sjaldnast annan samgöngumáta en einkabílinn. Mengun er hins vegar áhrifaþáttur sem skiptir einna mestu máli í vestrænum samfélögum.

Samfélagssáttmáli með aðkomu ríkisins þar sem reglur sem styðja við sjálfbæra þróun yrðu settar gætu hraðað þeirri þróun. Með því að setja lög sem stuðla að jákvæðum lífsháttum væri hægt að tryggja betur sjálfbært samfélag. Hugsanlegt er að koma þyrfti á einhverskonar sektum sem hvata til að farið væri eftir lögum og reglum sáttmálans. Áhugavert væri að gera rannsókn sem næði yfir stærra úrtak til þess að kanna betur vitund fólks og hvort lífshættir almennt styðji við sjálfbæra þróun. Með því að fá betri yfirsýn væri hægt að átta sig á hvar þarf að auka við fræðslu almennings um þetta mikilvæga málefni. Mikilvægt er að styrkja samfélagið til sjálfbærrar þróunar og er samvinna ráðamanna og einstaklinga í hverju samfélagi nauðsynleg. Jafnframt þyrfti að gera einstaklinga meðvitaða um siðferðilega ábyrgð hvers og eins. Við skilgreinum gjarnan okkur sjálf og aðra út frá hegðun (Bénabou og Tirole, 2009) og þess vegna gæti skipt máli að leggja áherslu á jákvæða ímynd þess að breyta í átt til sjálfbærni. Með því að settar væru ákveðnar reglur ásamt því að einstaklingar sýni vilja til að gangast undir sáttmála sem stuðlar að því að ná heimsmarkmiði Sameinuðu þjóðanna er mögulegt að gera drauminn um sjálfbær samfélög að veruleika.



5 Lokaorð

Hér hefur verið leitast við að komast að hvaða siðferðilegu skyldur einstaklingar hafa gagnvart sjálfbærri þróun og hver sé þekking þeirra og breytni. Vitund einstaklinga hvað varðar aukna umhverfismengun og hlýnun jarðar hefur aukist á undanförunum árum. Flestir virðast meðvitaðir um hvaða áhrif þeir geta haft með breytni sinni til að sporna við þeirri þróun. Þrátt fyrir það lítur út fyrir að það skorti töluvert á að fólk sé tilbúið til að gefa upp ákveðin þægindi eins og notkun einkabílsins til að draga úr þeirri mengun sem fylgir þeim lífsstíl. Auk þess er þekkingin minni þegar kemur að efnahagslegri ábyrgð (Bénabau og Tirole, 2009) og hvernig kauphegðun getur skipt máli þegar kemur að því að ná markmiði um sjálfbært samfélag. Með fræðslu væri hægt að auka vitundarvakningu fólks um afleiðingar þess að versla vörur framleiddar við ómannúðlegar aðstæður verkafólks.

Hver og einn ber siðferðilega ábyrgð gagnvart samfélaginu sem hann býr í. Einnig er mikilvægt að líta lengra og huga að velferð heimsins alls. Sjálfbær þróun byggist á því að einstaklingar temji sér lífsstíl sem styður við sjálfbærni. Til að því markmiði verði náð er nauðsynlegt að líta í eigin barm og spyrja sig hverju sé hægt að breyta og hvað sé hægt að bæta í eigin hegðun. Hins vegar er ekki víst að siðferðileg gildi ein og sér dugi. Líklegra er að jafnframt þurfi að koma til aðkoma stjórnvalda þar sem einstaklingshyggja er gjarnan ríkjandi hugsun. Ávinningurinn ætti að skapa betra samfélag fyrir alla.



Heimildaskrá

- Anand, S. og Sen, A. (2000). Human development and economic sustainability. *World Development*, 28(12), 2029-2049. doi:10.1016/S0305-750X(00)00071-1
- Aristóteles. (2011). Í Þorsteinn Hilmarsson (ritstjóri), *Siðfræði Níkomakkosar, fyrra bindi* (2. útgáfa). Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.
- Banister, D. (2008). The sustainable mobility paradigm. *Transport Policy*, 15(2), 73-80. doi:10.1016/j.tranpol.2007.10.005
- Baumgärtner, S. og Quaas, M. (2010). What is sustainability economics? *Ecological Economics*, 69(3), 445-450. doi:10.1016/j.ecolecon.2009.11.019
- Bénabou, R. og Tirole, J. (2010). Individual and corporate social responsibility. *Economica*, 77(305), 1-19. doi:10.1111/j.1468-0335.2009.00843.x
- Brundtland, G. H. (1987). Our common future: Report of the world commission on environment and development. Sótt af <http://www.un-documents.net/ocf-02.htm>
- Dobson, A. (2007). Environmental citizenship: Towards sustainable development. *Sustainable Development*, 15(5), 276-285. doi:10.1002/sd.344
- Drífa Guðmundsdóttir. (2013). Non-governmental organisations and education for sustainable development: Two case studies in iceland (MA-ritgerð). Sótt af <https://skemman.is/bitstream/1946/16058/1/MA%20DG%205juni%202013%5b1%5d.pdf>
- Earth Summit. (1992). UN conference on environment and development. Sótt af <http://www.un.org/geninfo/bp/enviro.html>
- Festa. (e.d.) Um samfélagsábyrgð. Sótt af <https://festasamfelagsabyrgd.is/>
- Goertzen, M. J. (2017). Introduction to quantitative research and data. *Library Technology Reports*, 53(4), 12. Sótt af <https://search.proquest.com/docview/1903876597>
- Graham-Rowe, E., C. Jessop, D. og Sparks, P. (2013). Resources, conservation and recycling. Sótt af <https://ac.els-cdn.com/S0921344913002711/1-s2.0->



S0921344913002711-main.pdf?_tid=f5620a6a-aea5-11e7-be17-00000aacb35d&acdnat=1507741527_a4a98aa453f9a31ea33daf1b6a20bf43

Gustavsson, J., Cederburg, C., Sonesson, U., Otterdijk, R.V., Meybeck, A. (2011). Global food losses and food waste: Extent, causes and prevention. Sótt af <http://www.fao.org/docrep/014/mb060e/mb060e00.pdf>

Hagstofa Íslands. (2017). Menntunarstaða. Sótt af <https://hagstofa.is/talnaefni/samfelag/menntun/menntunarstada/>

Hobbes, T. (1997). Í Flathman R. E., *Leviathan*. New York: W.W. Norton.

Hursthouse, R. (1999). *On virtue ethics* (fyrsta. útgáfa). GB: Oxford University Press.

International Organization for Standardization. (2010). ISO 26000 guidance on social responsibility. Sótt af https://www.iso.org/files/live/sites/isoorg/files/archive/pdf/en/discovering_iso_26000.pdf

Kant, I. (2003). Í Vilhjálmur Árnason og Ólafur Páll Jónsson (ritstjóri), *Grundvöllur að frumspeki siðlegrar breytni*. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag

Lára Jóhannsdóttir, Brynhildur Davíðsdóttir og Snjólfur Ólafsson (2014). Umhverfisleg sjálfbærni Íslands: Staðan og aðkoma stjórnvalda. *Icelandic Review of Politics and Administration, VOL 10*(Issue 2), 443-470. doi:10.13177/irpa.a.2014.10.2.13

Lee, J.F.J., Springborn, M., Handy, S.L., Quinn, J.F., & Shilling, F.M. (2010). Approach for economic valuation of environmental conditions and impacts. Sótt af http://www.dot.ca.gov/hq/tpp/offices/eab/studies_files/Final_Valuation_Report_UCD_6252010.pdf

Martinho, G., Balaia, N. og Pires, A. (2017). The portuguese plastic carrier bag tax: The effects on consumers' behavior. *Waste Management, 61*, 3-12. doi:10.1016/j.wasman.2017.01.023

Maslow, A. H. (1968). *Toward a psychology of being* (2. ed., 5. print. útgáfa). New York: van Nostrand Comp.

McKenzie, S. (2004). Social sustainability: Towards some definitions; Sótt af <http://w3.unisa.edu.au/hawkeinstitute/publications/downloads/wp27.pdf>



- Missimer, M., Robèrt, K. og Broman, G. (2017). A strategic approach to social sustainability – part 1: Exploring the social system. *Journal of Cleaner Production*, 140(Part 1), 32-41. doi:10.1016/j.jclepro.2016.03.170
- Moldan, B., Janoušková, S. og Hák, T. (2012). How to understand and measure environmental sustainability: Indicators and targets. *Ecological Indicators*, 17(Supplement C), 4-13. doi:10.1016/j.ecolind.2011.04.033
- Morgan, L. R. og Birtwistle, G. (2009). An investigation of young fashion consumers' disposal habits. *International Journal of Consumer Studies*, 33(2), 190-198. doi:10.1111/j.1470-6431.2009.00756.x
- Mosfellsbær. (2009). Mosfellsbær sjálfbært samfélag. Sótt af <http://www.mosfellsbaer.is/library/Skrar/.pdf-skjol/Umhverfismal/sjalfbaerni/Mos2020.pdf>
- Olafsson, S., Cook, D., Davidsdóttir, B. og Johannsdóttir, L. (2014). Measuring countries' environmental sustainability performance – A review and case study of iceland. *Renewable and Sustainable Energy Reviews*, 39(Supplement C), 934-948. doi:10.1016/j.rser.2014.07.101
- Páll Skúlason. (1990). *Siðfræði*. Reykjavík: Rannsóknarstofnun í siðfræði.
- Páll Skúlason og Sigríður Þorgeirsdóttir. (2011). Í Salvör Nordal og Vilhjálmur Árnason. *Siðfræði og samfélag*. Reykjavík: Siðfræðistofnun - Háskólaútgáfan.
- Rachels James. (1997). *Stefnur og straumar í siðfræði*. (Jón. Á. Kalmansson þýddi og staðfærði. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Ragna Benedikta Garðarsdóttir, Ásdís A. Arnalds og Friðrik H Jónsson. (2008). *Ný sókn í neytendamálum -staða neytendamála á Íslandi*. Sótt af https://www.stjornarradid.is/media/atvinnuvegaraduneyti-media/media/frettir/Ny_sokn_i_neytendamalum_skyrsla.pdf
- Repetto, R. (1985). *The global possible: Resources, development, and the new century*. Sótt af <https://www.osti.gov/biblio/6146797>



- Rubin, O. og Bertolini, L. (2016). Social and environmental sustainability of travelling within family networks. *Transport Policy*, 52, 72-80.
doi:10.1016/j.tranpol.2016.07.011
- Salvör Nordal. (2000). Dyggðir að fornu og nýju. *Tímarit Máls og Menningar*, 2(61), 28-31.
- Samband íslenskra sveitarfélaga. Staðardagskrá 21 á Íslandi - lífvænleg framtíð. Sótt af <http://www.samband.is/verkefni/umhverfis--og-taeknimal/sjalfbaer-throun---std-21/heimsradstefnan-i-rio/>
- Steffen, W., Persson, Á, Deutsch, L., Zalasiewicz, J., Williams, M., Richardson, K., . . . Uno Svedin. (2011). The anthropocene: From global change to planetary stewardship. *Ambio*, 40(7), 739-761. doi:10.1007/s13280-011-0185-x
- Stjórnarráð Íslands. (2010). Velferð til framtíðar 2010-2013. Sótt af <https://www.stjornarradid.is/efst-a-baugi/frettir/stok-frett/2010/11/26/Velferd-til-framtidar-2010-2013/>
- Stjórnarráð Íslands. (2011). Ísland 2020 - sókn fyrir atvinnulíf og samfélag. Þekking sjálfbærni, velferð. Sótt af <https://www.stjornarradid.is/media/forsaetisraduneyti-media/media/Skyrslur/island2020.pdf>
- Stjórnarráð Íslands. (2018). Stjórnarráð Íslands | heimsmarkmið sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun. Sótt af <https://www.stjornarradid.is/verkefni/utanrikismal/throunarsamvinna/heimsmarkmi-din/>
- Svedin, U. (1998). Implicit and explicit ethical norms in the environmental policy arena. *Ecological Economics*, 24(2-3), 299-309. doi:10.1016/S0921-8009(97)00150-X
- Umhverfisstofnun Evrópu. (2012). Leiðin til hnattrænnar sjálfbærni. Sótt af <https://www.eea.europa.eu/is>
- UN Conference on Environment and Development. (1992). The earth summit. Sótt af <http://www.un.org/geninfo/bp/enviro.html>
- United Nations Global Compact. (2017). United nations global compact. Sótt af <https://www.unglobalcompact.org/what-is-gc>



- Vallance, S., Perkins, H. C. og Dixon, J. E. (2011). What is social sustainability? A clarification of concepts. *Geoforum*, 42(3), 342-348.
doi:10.1016/j.geoforum.2011.01.002
- Vasseur, L., Horning, D., Thornbush, M., Cohen-Shacham, E., Andrade, A., Barrow, E., Jones, M. (2017). Complex problems and unchallenged solutions: Bringing ecosystem governance to the forefront of the UN sustainable development goals. *Ambio*, 46(7), 731-742. doi:10.1007/s13280-017-0918-6
- Vilhjálmur Árnason. (1990). *Þættir úr sögu siðfræðinnar* (2. útgáfa. útgáfa). Reykjavík: Háskóli Íslands.
- Vilhjálmur Árnason. (2008). *Farsælt líf, réttlátt samfélag : Kenningar í siðfræði*. Reykjavík: Reykjavík : Heimskringla, háskólaforlag Máls og menningar, 2008.
- Vilhjálmur Árnason. (2016). *Siðfræðikver*. Reykjavík: Siðfræðistofnun og Háskólaútgáfan.
- Vischer, R. K. (2002). Subsidiarity as a principle of governance: Beyond devolution. *Indiana Law Review*, 35, 103. Sótt af <http://heinonline.org/HOL/Page?handle=hein.journals/indilr35&id=117&div=&collection>
- Þórólfur Þórlindsson og Þorlákur Karlsson. (2013). Í Sigríður Halldórsdóttir (ritstjóri), *Handbók í aðferðafræði rannsókna*. Akureyri: Háskólinn á Akureyri.



Viðauki 1: Spurningakönnun

Kæri viðtakandi,

Þessi könnun er hluti af BS lokaverkefni mínu í Nútímafræði við Háskólann á Akureyri. Markmið könnunarinnar er að rannsaka viðhorf og hegðun einstaklinga í samræmi við hugmyndina um sjálfbærni og sjálfbæra þróun.

Könnunin er nafnlaus og svör verða ekki rakin til einstakra þáttakenda.

Það tekur einungis 2-4 mínútur að svara

Með fyrirfram þökk fyrir þátttökuna,

Laufey Þóra Ólafsdóttir

ha130137@unak.is

Spurningalisti

Bakgrunnsupplýsingar

1. Kyn

- Kona
- Karl

2. Aldur

- Yngri en 18 ára
- 18-24 ára
- 25-34 ára
- 35-44 ára
- 45-55 ára
- 55-64 ára
- 65 ára eða eldri



3. Hæsta menntunarstig sem þú hefur lokið

- Grunnskólapróf
- Stúdentspróf
- Iðnnám/verknám
- Grunnám á háskólastigi
- Framhaldsnám á háskólastigi
- Annað

4. Heimilishagir

- Bý ein(n)
- Bý með vini/vinum
- Bý ein(n) með barni/börnum
- Bý með maka án barna
- Bý með maka með barni/börnum
- Bý í foreldrahúsum

5. Ráðstöfunartekjur heimilisins eftir skatta

- Lægra en 200.000
- 200-400.000
- 401-600.000
- 601-800.000
- 800.000-1.000.000
- Hærra en 1,001.000

6. Hversu sammála eða ósammála ert þú eftirfarandi fullyrðingum

Mjög sammála/frekar sammála/hvorki né/frekar ósammála/mjög ósammála

- Ég er vel að mér um hugtökin sjálfbærni og sjálfbær þróun
- Ég hef áhyggjur af umhverfismálum
- Ég er meðvituð/aður um hvar fatnaður sem ég kaupi er framleiddur
- Ég er meðvituð/aður um hvar aðrar vörur sem ég kaupi eru framleiddar
- Ég er meðvituð/aður um mikilvægi orkusparnaðar



7. Hversu sjaldan eða oft eiga eftirfarandi fullyrðingar við um þig

- Ég geng/hjóla eða nota almenningssamgöngur í stað einkabifreiðar þegar ég hef tækifæri til
- Ég flokka úrgang
- Ég nýti matarafganga
- Ég gæti að nánasta umhverfi mínu, týni t.d. upp rusl, raka upp lauf, sópa gangstéttina
- Ég geng vel um náttúruna
- Ég gef til góðgerðarmála
- Ég gef föt sem ég er hætt/ur að nota í Rauða krossinn eða fer með til endurvinnslu
- Ég kaupi föt eða hluti sem mig vantar ekki
- Ég nota fjölnota poka þegar ég fer í búð

